



Allan sólarhringinn.

Birna Þórðardóttir, blaðamaður.

Listakonur í Vesturporti:

Frá þremur löndum

MYNDLIST Í dag verður opnuð í Vesturporti á Vesturgötu 18 sýning á verkum Kristínar Scheving frá Íslandi, Jenny McCabe frá Englandi og Magali Theviot frá Frakklandi. Sýningin er samvinnuverkefni listakvinnanna, sem ferðast til þriggja landa á þremur mánuðum. Vesturport er opið helgina 27. til 28. júlí frá kl. 14 til 18. ■

Útsala!
Útsala!

Útsalan í fullum gangi

10-50%
afsláttur

Tískufatnaður
Sundfatnaður
Undirfatnaður
Náttfatnaður
Náttslóppar

Sjáumst!
COS

Glæsibæ

opið mán-fös 11-18, laug 11-14

16

Franskir dagar á Fáskrúðsfirði:

Látlaust fjör og skipti- markaður með staka sokka

HÁTIÐ Um helgina verður mikið fjör á Fáskrúðsfirði, en þar halda heimamenn hátíðina Franska daga í sjöunda skipti. „Við gerum þetta til að undirstrika tengslin milli Fáskrúðsfjarðar og Frakklands, hér var aðalþekkingin franska skútusjómannanna,“ segir Albert Eiríksson upplýsingafulltrúi. „Þetta er mikið samvinnuverkefni, fólk tekur að sér ákveðin verkefni ár eftir og ár og þetta hefur mannþætandi áhrif á svona lítið samfélag. Hér

miðast allt við Franska daga, fólk fer ýmist í frí eftir hátíðina eða passar eða vera komið heim úr fríi áður en hún hefst.“

Á hátíðinni verður stanslaust stuð og blandað saman gamni og alvöru. Hljómsveitir spila á föstudags og laugardagskvöld, söngvakeppni verður haldin, harmonikkuball, varðeldur og flugeldasýning svo fátt eitt sé nefnt. „Svo eru náttúrlega fastir liðir eins og dorgveiðikeppnin og á hverju ári er skiptimarkaður

með staka sokka,“ segir Albert. „Það er landlægt þetta með að annan sokkinn vanti. Hér hefur líka farið fram keppni í stígvéla-sparki og sveskjasteinaspytingum.“ Albert segir fjölda Frakka væntanlega á hátíðina og til standi að keppa við þá í franska spilu Pétanque. „Þetta er einfalt spil og við verðum að standa okkur, það er ótækt að Frakki hampi Íslandsmeistartitlinum í spilu.“

Hátíðin hefst með minningar-



FRANSKIR DAGAR

Bæjarbúar leggjast allir á eitt að gera hátíðina sem veglegasta.

athöfn í Franska grafreitnum á föstudagskvöld og svo dunar fjörið fram á sunnudag. ■

FÖSTUDAGUR 26. JÚLÍ

SKEMMTANIR

Kringlukráin Hljómsveitin Hafrot, Sigurður Hafsteinsson, Rafn Erlendsson og Pétur Hreinsson.

00.00 **Grandrokk** Rapp-hipp-hopp-jazz tónleikar þar sem saman koma Rímnámin-rapparar og jazzarar af yngri kynslóðinni

Players Ekta kántrý beint frá L. A. GIS & Big City.

21.00 **Sportkaffi.** Karlakvöld.

Vopnafjörður, Vopnaskak. Í svörtum fótum í Miklagarði.

TÓNLIST

Tónlistarhátíðin í Reykholti hefst með tónleikum klukkan 21 í kvöld. Hátíðin stendur fram á sunnudag. Dagskráin er afar fjölbreytt, en áhersla er lögð á norræna og evrópska tónlist að þessu sinni, með Finnland í forgrunninn. Haldnir verða fernir tónleikar þar sem m.a. verður flutt tónlist eftir Mozart, Schubert, Sibelius, Bach, Handel, Debussy, Ravel og Chopin. Flytjendur eru meðal helstu tónlistarmanna landsins og gestir hátíðarinnar í ár eru Petteri Salomaa, bariton frá Finnlandi, og Love Derwinger, píanóleikari frá Svíþjóð.

AKUREYRI

21.00 Deiglan í Listagili. Heimur ljóðsins. Kvæðakvöld með kvæðum eftir Halldór Kiljan Laxness og Pablo Neruda.

OPNUN

Í dag opnar **Olga Pálsdóttir** myndlistarkona sýningu á verkum sínum á **Vatnsstíg 9**. Olga er fædd í Norður-Rússlandi, en hefur búið á Íslandi í meira en 13 ár. Hugmyndin að baki verka Olgu er að teila saman syndinni í nútímapjóðfélagi og afleiðingum hennar, en fyrir utan trúarlegan bakgrunn fjalla verkin um siðferði og pólitík.

Í dag verður opnuð í **Vesturporti á Vesturgötu 18** sýning á verkum þriggja listakvanna undir heitinu c3. Sýningin er samvinnuverkefni listakvinnanna, sem ferðast til þriggja landa á þremur mánuðum, og stendur sýningin í þrjá daga í hvert sinn. Konurnar eru Kristín Scheving frá Íslandi, Jenny McCabe frá Englandi og Magali Theviot frá Frakklandi. Vesturport er opið helgina 27. til 28. júlí frá kl. 14.00 til 18.00 báða dagana.



LISTAMENN Á ÆFINGU

Unnendur góðrar tónlistar ættu að fá eitthvað við sitt hæfi á Reykholtshátíð.

Tónlistarhátíð í Reykholti

Flytjendur eru meðal helstu tónlistarmanna landsins. Frá Finnlandi og Svíþjóð koma góðir gestir og áhersla er lögð á að hátíðin sé jafn ánægjuleg fyrir flytjendur og áheyrendur.

TÓNLIST Tónlistarhátíðin í Reykholti er nú haldin í sjötta sinn. Hátíðin hefst í dag og stendur fram á sunnudag. Dagskráin er afar fjölbreytt, en áhersla er lögð á norræna og evrópska tónlist að þessu sinni, með Finnland í forgrunninn. Haldnir verða fernir tónleikar þar sem m.a. verður flutt tónlist eftir Mozart, Schubert, Sibelius, Bach, Handel, Debussy, Ravel og Chopin. Flytjendur eru meðal helstu tónlistarmanna landsins og gestir hátíðarinnar í ár eru Petteri Salomaa, bariton frá Finnlandi, og Love Derwinger, píanóleikari frá Svíþjóð.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir

ir, píanóleikari og stjórnandi hátíðarinnar, segir það lengi hafa verið draum að halda svona hátíð. „Ég hafði tekið þátt í samþættingu hátíðum til dæmis á Spáni, bæði sem þátttakandi og áhorfandi, og fannst þetta mjög hrífandi form. Þetta verður meira en að fara bara á tónleika, miklu meiri upplifun og léttari stemmning,“ segir Steinunn Birna. „Svo er auðvitað gaman fyrir flytjendur að vera saman í viku fyrir hátíðina. Það er allt öðruvísi en þegar fólk vinnur sitt í hvoru lagi og hittist bara á æfingum. Þarna erum við allan sólarhringinn í vinnubúðum, æfingar eru reyndar mjög strangar, en

við borðum saman, gefum okkur tíma til að fara saman í sund og gera ýmislegt skemmtilegt, þannig að umgjörðin um þetta er mjög sérstök.“ Steinunn Birna segir ánægju flytjenda skila sér til áheyrenda, sem séu á móti mjög þakklátir. „Áherslan hefur verið á það frá byrjun að þetta sé allt mjög ánægjuleg upplifun, hvort sem er fyrir flytjendur eða áheyrendur.“

Opnunartónleikar hátíðarinnar verða í kvöld klukkan 21, á morgun verða tónleikar klukkan 15 og 21, og á sunnudaginn lýkur hátíðinni með tónleikum klukkan 16.

edda@frettabladid.is

Tölvuleikja
tilboð
2 PC leikir saman á
999.-

HÁLFVIRÐI!

SONET Í GÖMLU JAPIS BÚÐINNI, Brautarholti 2 SONEIT

Ný sending af geisladiskum!

Ný sending af DVD titlar!

POPP-ROCK og HEIMSTÓNLIST – fjölbreytt flóra

TÖLVULEIKIR í úrvali

Virðum rétt
verslunarmanna:

LOKAÐ UM
VERSLUNARMANNAHELGINA!

SONET

OPIÐ ALLA DAGA KL 12 - 19

Klassísk tónlist
mikið úrval frá
NAXOS, CHANDOS ofl.
verð frá **399.-**